

- Fræðsla og þjónusta
- Þróun kennslu
- Málþing um námsmat
- Góð háskólakennsla
- Námskeið fyrir nýja kennara
- Fjarkennsla
- Tækninýjungar
- Málstofur

Kennslumiðstöð Háskóla Íslands Kennslufræði Upplýsingatækni



Fræðsla og þjónusta

Kennslumiðstöð Háskóla Íslands verður senn 7 ára en hún var formlega stofnuð þann 31. ágúst 2001. Kennslumiðstöð varð til í kjölfar umræðu og samvinnu áhugasamra starfsmanna Háskólans sem höfðu trú á að hægt væri að styðja betur við kennsluhætti í skól- anum og koma þannig til móts við þarfir fleiri kennara og nemenda.

Hlutverk Kennslumiðstöðvar er að veita kennurum og deildum Háskólans faglega aðstoð við þróun kennslu- háttanna og er það gert með ýmsum hætti. Auk fjölbreyttra námskeiða er mikið lagt upp úr einstaklings ráðgjöf og aðstoð við kennara sem snýr að kennslufræði háskóla- kennslu og notkun upplýsingatækni í námi og kennslu. Kennurum stendur m.a. til boða að fá upptöku af kennslustund og miðsvetrarmat sem er góð viðbót við hina hefðbundnu kennslukönnun.



Rögnvaldur Ólafsson og Guðrún Geirsdóttir við stofnun Kennslumiðstöðvar

Á þeim tæpum sjö árum sem Kennslumiðstöð hefur starfað hafa verkefni hennar verið fjölbreytt en þau hafa jafnframt breyst töluvert. Til að byrja með bauð Kennslumiðstöð upp á námskeið í notkun helstu forrita Office pakkans, s.s. grunnnámskeið í notkun PowerPoint, Excel, Word og FrontPage. Á undanförunum misserum hefur áherslan hinsvegar færst yfir á kennslufræði háskólakennslu og hvernig nýta má upplýsingatæknina til að styðja við kennslu. Kennslumiðstöð hefur jafnframt einbeitt sér að því efla umræðu um nám og kennslu innan deilda og að styðja deildir í að standa sjálfar í forsvari fyrir kennsluþróun. Enn er þó lögð áhersla á að bjóða kennurum upp á fjölbreytt námskeið og eru dæmi um þau eftirfarandi:



Ása Björk og Harpa fóru á ráðstefnu EDEN 2007 (European Distance and E-learning Network) sl. sumar til Napoli

- Námskeið fyrir nýja kennara; fjallað er um nám og kennslu á háskólastigi og kynnt sú þjónusta sem kennurum stendur til boða.
- Framkoma og ræðumennska; sérstaklega ætlað kennurum sem vilja fá aukna þekkingu á eigin ræðu- stíl og styrkleikum, öðlast betri raddbeitingu, öndun og líkamsbeitingu og þar með áhrifameiri framkomu.
- Notkun PowerPoint í kennslu; fjallað er um framsetningu á efni út frá kennslufræðilegu sjónarmiði.
- Kynning á kennsluvef Uglunnar; farið er ítarlega í helstu þætti kennsluvefsins og hvaða möguleika hann hefur upp á að bjóða fyrir kennara.
- Verkfærakista háskólakennara (þemadagur); kynntar eru fjölbreyttar kennsluaðferðir og námsnálganir til að skipuleggja nám og kennslu fyrir háskólanema.
- Breyttir kennsluhættir – sveigjanlegt nám; farið er í kennsluhætti sem snúa að því að auka sveigjanleika í námi og kynnt þau verkfæri sem nýtast til þess.

Kennslumiðstöð stóð fyrir mörgum fróðlegum viðburðum á síðasta ári t.d. málstofuröð um kennsluhætti á vormisseri og málþingi um námsmat á haustmisseri. Þessir viðburðir voru skipulagðir í samstarfi við deildir, kennsluvið og kennslumálanefnd háskólaráðs. Nánari umfjöllun um þessa viðburði má sjá aftar í blaðinu.

Fjarnám við Háskólann hefur aukist jafnt og þétt á undanförunum árum og er útlit fyrir að það muni eflast enn frekar á næstu misserum samkvæmt stefnu Háskólans. Kennslumiðstöð hefur umsjón með fjarkennslu við Háskólann en deildir ákveða framboðið. Starfsfólk Kennslumiðstöðvar veitir ráðgjöf um útfærslu og skipulagningu kennslunnar og er í samskiptum við fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar og háskólasetur um land allt. Kennslumiðstöð sér enn fremur um framkvæmd kennslukönnunar, skönnun og útreikning á fjölvalsprófum og tekur þátt í þróunarverkefnum sem styrkt eru af kennslumálasjóði háskólaráðs.

Kennarar geta farið ýmsar leiðir við gerð námsgagna og aðstoðar starfsfólk Kennslumiðstöðvar við gerð þeirra. Til að mynda er veitt aðstoð við upptökur á kennsluefni en Kennslumiðstöð á fjölbreyttan upptökubúnað. Kennarar geta fengið afnot af ýmsum tæknibúnaði s.s. myndbandsupptökuvélum, klippitölvu, snertiskjám, rafrænum skrifspjöldum og mynda- og skjalaskanna.

■ Þróun kennslu í HÍ



Kennsla í Háskóla Íslands er góð. Það sýna tiltækir mælikvarðar, umsagnir nemenda, kennslukannanir og álit faglegra ráðunauta. Öllu háskólafólki, ekki síst stúdentum, er það metnaðarmál að kennslu sé sinnt af fag-

mennsku. Þetta gildir um hverja einustu deild skólans. Alls staðar er lögð áhersla á að kennarar séu hæfir og góðir. Staðhæfingar um að í Háskóla Íslands sé kennslu ekki vel sinnt eru rangar.

Þetta merkir ekki að hvergi sé einn einasti pottur brotinn; skárri væri það nú ef allt væri alls staðar í allra besta lagi á tíuþúsund manna vinnustað. Góð kennsla í Háskóla Íslands merkir ekki heldur að háskólafólk geti hallað sér makindalega aftur og þurfi hvergi að huga að þróun og úrbótum. Kennsla er þess háttar fag og allt nám er þess eðlis að þar þarf sífellt vakandi áhuga allra hlutaðeigandi. Það er því eðlilegt að Háskóli Íslands setji sér alltaf sérstök og metnaðarfull markmið í kennslumálum og að deildir geri það líka.

Stefna skólans er að kennsla verði hér framúrskarandi góð. Stefnan miðar meðal annars að auknu þróunarstarfi í kennslumálum í skólanum. Mikilvægt er að slíkt starf fari fram bæði innan deilda og á sameiginlegum vettvangi, enda kalla ólíkar aðstæður oft á ólíkar aðferðir þó að mörg verkefni hljóti að vera sameiginleg. Meðal mikilvægustu verkefna sem nú

Einnig geta þeir fengið lánaðar handbækur og annað les- og fræðsluefni sem tengist námi og kennslu. Frekari upplýsingar má finna á vefsíðu Kennslumiðstöðvar: www.hi.is/kennslumidstod.

Við hvetjum kennara að hafa samband óski þeir eftir ráðleggingum og aðstoð sem snýr að kennslu og kennsluháttum.



Guðrún ræðir við Maríu Thejll skrifstofustjóra lagadeildar um kennslumál

liggja fyrir er að allar deildir móti sér kennslumarkmið og framfylgi þeim í eðlilegum vanagangi – ekki með hinu séríslenska og tímabundna átaki. Markmiðin eru ólík eftir deildum en beinast til dæmis að því að auka umfjöllun um kennslu, bæði formlega og óformlega, og auka starfsemi sem lýtur að eflingu kennara. Það gagnast bæði nýjum kennurum og þeim sem reyndari eru – og dregur úr þeirri tilhneigingu sem oft tengist sérhæfingu, að kennsla sé talin einkamál, jafnvel sérstakt leyndarmál, viðkomandi kennara. Mjög margir kennarar fagna slíku þróunarstarfi og nýta sér það. Kennslumiðstöð og kennslumálanefnd Háskólans vilja stuðla að þessari þróun í samráði við deildir.

Annað mikilvægt verkefni í kennslumálum er að efla leiðir til þess að meta kennslu og námsaðstæður í deildum, bæði til þess að auðvelda formlegt mat og gæðastjórn en líka til að umbuna fyrir það sem vel er gert. Kennslumálanefnd Háskólans, í samvinnu við stjórnsýslu og deildir Háskólans alls, vinnur að mótun slíks mats.

Á því öra þroskaskeiði Háskólans sem nú stendur yfir eru rannsóknir og efling þeirra sett í sérstakt öndvegi. Víst er að það er skynsamlegt. En jafnvíst er að lítil framtíðarávinningur verður af eflingu rannsókna ef henni fylgir ekki eðlileg þróun í kennslumálum skólans. Ég hvet allt háskólafólk til þess að huga að þeirri þróun í starfi sínu.

Sigurður J. Grétarsson, prófessor í sálfræði og formaður kennslumálanefndar háskólaráðs

■ Málþing um námsmat

Námsmat er líklega vandmeðfarnasti hluti náms og kennslu og um leið sá sem getur haft mest að segja um nám og námsframvindu nemenda. Okkur í Kennslumiðstöð þótti því full ástæða til að beina athyglinni að námsmati á málþingi um kennslu sem haldið var 5. nóvember síðastliðinn. Málþingið var haldið í samstarfi við kennsluvið og kennslumálanefnd en að auki var leitað til allra deilda um þátttöku. Til að styrkja umræðuna leituðum við liðsinnis prófessors Chris Rust við kennslumiðstöð Oxford Brooks háskóla en hann hefur um árabíl leiðbeint háskólakennurum um gerð námsmats og m.a. veitt forstöðu og liðsinni sérstökum miðstöðvum um eflingu fagmennsku í námsmati (Centre for Excellence in Assessment).

Dagurinn hófst með námskeiði Chris Rust um námsmat en að auki hélt hann aðalerindið á málþinginu sjálfu. Í erindi sínu lagði Rust áherslu á mikilvægi þess að háskólakennarar nálguðust námsmat eins og sannir fræðimenn þ.e. tækju mið af rannsóknum á sviðinu, vönduðu til vinnubragða og væru gagnrýnir á eigin athafnir. Námsmat væri einn mikilvægasti þáttur kennslu og líklega sá sem réði hvað mestu um hvað og hvernig nemendur bera sig að í námi. Rust vísaði þar m.a. til rannsókna á námsnálgun nemenda sem sýna að nemendur takast á við nám sitt á ólíkan máta. Á meðan að sumir nemendur leggja höfuðáherslu á að



Chris Rust og Guðrún Geirsdóttir

öðlast skilning á námsefninu (deep approach) leitast aðrir við að læra sem mest utan að (surface approach). Námsmat stýrir mikið hvora nálgunina nemendur til-einka sér. Ef við viljum breyta eða hafa áhrif á hvernig nemendur tileinka sér þekkingu og leikni er sterkasta vopnið að breyta námsmatinu. Rust tengdi umræðu um námsmat við þær kenningar sem eru efst á baugi í kennslufræði. Hann fjallaði um hugmyndir Biggs (1999) um mikilvægi þess að litið sé á námsmarkmið, náms- og kennsluaðferðir svo og námsmat sem eina heild. Eru nemendur að fást við verkefni sem þjálfa þá til að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í námskeiði og er námsmatið vel til þess fallið að meta og veita endurgjöf um þá færni sem talin er mikilvæg? Þá gerði Rust grein fyrir meginreglum um góða kennsluhætti á háskóla-



Ugla

■ Kennsluvefur Uglunnar – nýjungar

Kennsluvefur Uglunnar þarf vart að kynna fyrir kennurum og öðru starfsfólki Háskólans. Aukning á notkun hans hefur verið mikil síðustu ár og nær hver einasti kennari Háskólans nýtir sér möguleika hans í kennslu. Á kennsluvefnum geta nemendur og kennarar skipst á efni, rætt saman í gegnum umræðuþræði og hlustað á upptökur af fyrirlestrum svo eitt-hvað sé nefnt. Nokkrum nýjungum hefur verið bætt við kennsluvefinn sem vert er að minnast á:

- **Hlaða inn fjölda skráa:** Nú geta kennarar hlaðið inn mörgum skjölum í einu sem auðveldar flutning þeirra á milli heimasvæðis viðkomandi og kennsluvefsins.
- **Afritun milli námskeiða:** Möppur og innihald þeirra haldast þegar afritað er á milli námskeiða.

- **Spjall:** Búið er að koma upp rauntíma spjallþráðum innan námskeiða sem er viðbót við umræðuþræðina.
- **Myndir af nemendum og kennurum:** Nemendur og starfsfólk getur nú sett inn mynd af sér sem birtist m.a. á umræðu- og spjallþráðum.
- **Upptökur með eMission:** Upptökubúnaðurinn gerir kennurum kleift að taka upp kennslustund eða búa til kennsluefni og vista inn á kennsluvef Uglunnar.
- **Notendur og hópar:** Einfalt er að skipta nemendum námskeiða upp í hópa bæði tilviljunarkennt og valið. Aðgangstýring er til staðar fyrir hópa.

Starfsfólk Kennslumiðstöðvar aðstoðar kennara við vinnu í kennsluvef Uglunnar.



Umræður um námsmat

stigi. Þessar reglur gefa góðar vísbendingar um hvers er að gæta við mat á námi s.s. áhrif væntinga kennara til nemenda á námsgengi þeirra og mikilvægi þess að koma til móts við fjölbreyttan nemendahóp. Ein af meginreglum snýr að mikilvægi skjótrar endurgjafar og benti Rust á að það skipti engu máli hversu mikla alúð kennarar legðu í endurgjöf á verkefni nemenda ef nemendur fengju hana mjög seint væru allar líkur á því að þeir væru komnir í önnur verkefni. Endurgjöfin missir þá marks og leiðbeining kennara er unnin fyrir gíg.

Að inngangserindum loknum hófust málstofur um námsmat sem skipulagðar voru af kennurum hinna ýmsu deilda. Málstofurnar voru hinar fjölbreytilegustu. Kynnt var reynsla af námsmati og kennsluáðferðum í lagadeild og í dæmisögukennslu í viðskipta- og hagfræðideild. Fjallað var um verkleg próf í klínísku námi í læknadeild og tilraunir til að leyfa valfrelsi í verkefnum í verkfræðideild. Skilgreiningar á einkunnakvarða í hugvísindadeild voru ræddar ásamt ýmsum álitamálum um námsmat á sviði uppeldis- og menntunar. Þá voru viðmið um prófgráður og námsmat í ljósi þeirra umfjöllunarefni í tveimur málstofum.



Þátttakendur á málstofunni Viðmið um prófgráður – leiðarljós við námsmat?

Við í Kennslumiðstöð vorum sérlega ánægð með þennan dag, námskeið og erindi Chris Rust og svo framlag háskólakennara á málstofum.

Hvað einkennir góða háskólakennslu?



Góður háskólakennari leggur upp með skýr markmið í kennslunni. Hann gætir þess að nemendur þekki uppbyggingu og viðfangsefni námskeiða með góðum fyrirvara og hvernig þeir eigi að undirbúa sig fyrir kennslustundir.

Góður háskólakennari kann að gæða viðfangsefnið lífi, vekja áhuga nemenda í tímum og draga fram kjarna námsefnisins. Lykilatriðið er að honum takist að vekja löngun nemenda til að fræðast og tileinka sér efnið, sýni fram á hvaða spurningar skipti máli, hvernig megi finna svör við þeim og að nálgast beri viðfangsefnið með gagnrýnum huga. Þátttaka nemendanna sjálfra í kennslustundum er mikilvægur þáttur í því að auka gæði kennslustunda og dýpt.

Góður háskólakennari hvetur nemendur til að taka virkan þátt í kennslustundum og er viljugur til að svara spurningum þeirra. Hann ætlast jafnframt til að nemendur sýni viðleitni til að svara á rökstuddan hátt spurningum sem eru lagðar fyrir þá. Það er einnig þáttur í góðri háskólakennslu að nemendur séu æfðir í rannsóknarvinnu og fái nauðsynlega leiðbeiningar til þess að takast á við fræðileg verkefni. Þeim er ekki síður mikilvægt að fá uppbyggilega og rökstudda gagnrýni til þess að þroska hæfileika sína til agaðra vinnubragða.

Þannig er meginhlutverk háskólakennarans að opna nemendum dyr að leiðinni til meiri þekkingar en jafnframt að búa þá út í þá ferð með þjálfun í sjálfstæðum og vönduðum vinnubrögðum sem er forsenda góðs árangurs bæði í námi og starfi.

Björg Thorarensen, deildarforseti lagadeildar Háskóla Íslands

Góður háskólakennari kann að gæða viðfangsefnið lífi, vekja áhuga nemenda í tímum og draga fram kjarna námsefnisins.

Tölvunám.is

Í janúar 2007 gerði Háskóli Íslands samning við fyrirtækið Tölvunám.is sem gefur starfsfólki og stúdentum Háskólans tækifæri á að nýta sér gagnvirka kennsluvefinn Tölvunám.is (www.tolvunam.is). Kennsluvefurinn inniheldur kennslu á öll helstu forrit Office pakkans s.s. Word, Excel, PowerPoint, FrontPage, Outlook, Access auk Lotus Notes og Photoshop. Nýlega kom inn á vefinn kennsluefni um Word 2007, Excel 2007 og PowerPoint 2007. Starfsfólk og stúdentar Háskólans hafa frían aðgang að vefnum í gegnum allar tölvur á háskólasvæðinu auk þess sem aðgangur er einnig opinn heimilum með ADSL eða VPN tengingum frá RHÍ.

Námskeiðin fara alfarið fram á kennsluvefnum Tölvunám.is. Nemandinn framkvæmir allar aðgerðir sjálfur eftir leiðsögn leiðbeinanda kennsluforritsins. Einnig er handhægt að nota kennsluefnið til upprifjunar á aðgerðum þar sem hægt er að velja efni eftir köflum og undirköflum. Það er um að gera fyrir starfsfólk og nemendur Háskólans að nýta sér þennan frábæra möguleika til sjálfsnáms.



www.tolvunam.is

Sjá upplýsingar um VPN og ADSL tengingar á vefsíðu Reiknistofnunar Háskóla Íslands: <http://rhi.hi.is>, undir flýtleiðir.

Námskeið um nám og kennslu í háskólum fyrir nýja kennara HÍ

Það getur verið flókið fyrir nýja kennara að hefja háskólakennslu. Þeirra bíða ótal ný verkefni eins og að skipuleggja námskeið, ákveða verkefni nemenda, semja próf og leggja mat á úrlausnir. Innan háskólagreina ríkja oft hefðir og venjur sem hvergi eru skráðar heldur þurfa að lærast nýjum kennurum smátt og smátt.

Kennslumiðstöð hefur á undanförunum árum staðið fyrir námskeiðum fyrir nýja kennara um nám og kennslu þar sem fjallað hefur verið um sérstöðu háskólakennslu og hvað fræðin segja um gæði slíkrar kennslu. Jafnframt hafa kennarar fengið kynningu á þjónustu Kennslumiðstöðvar og hvernig nýta má kennsluvef Uglunnar við kennslu. Námskeiðin hafa alla jafna verið stutt og eingöngu ætlað að gefa innsýn í kennslufræði háskóla. Það hefur þó lengi verið áhugi hjá starfsfólki Kennslumiðstöðvar að bjóða upp á a.m.k. misserislangt námskeið fyrir nýja kennara eins og tíðkast við góða erlenda háskóla. Í stefnu Háskólans 2006–2011 er kveðið á um að nýjum kennurum sé skylt að sækja námskeið í kennsluaðferðum og tækni á vegum Kennslumiðstöðvar og í kjölfarið skipulagði starfsfólk Kennslumiðstöðvar

misserslangt námskeið fyrir nýja kennara. Námskeiðið var sérstaklega ætlað kennurum sem nýlega höfðu fengið fastráðningu sem og stundakennurum í fullu starfi við háskólakennslu. Helsta markmiðið með námskeiðinu var að styrkja nýja kennara í starfi og veita þeim innsýn í kennslufræði háskólakennslu. Námskeiðið var í umsjón Kennslumiðstöðvar í samstarfi við kennslusvið, kennslumálanefnd háskólaráðs og deildir.



Góð þátttaka var á námskeiðinu

Námskeiðsdagur

Námskeiðið var skipulagt með þeim hætti að í ágústlok voru nýir kennarar boðaðir á heilsdagsnámskeið þar sem aðal umfjöllunarefnið var nám og kennsla í háskólum. Formaður kennslumálanefndar háskólaráðs, Sigurður J. Grétarsson, fjallaði um rétt og skyldu

háskólakennara, Guðrún Geirsdóttir kennslufræðingur fjallaði um að hverju þurfi að huga sem háskólakennari, Harpa Pálmadóttir fræðslustjóri Kennslumiðstöðvar kynnti þjónustu miðstöðvarinnar, Ása Björk Stefánsdóttir verkefnastjóri Kennslumiðstöðvar kynnti kennsluvef Uglunnar, Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir starfsmannastjóri HÍ og Eva Dagmar Steinsson fjölluðu um réttindi, skyldur og launamál kennara. Að lokum fengu þátttakendur kynningu á starfsemi Landsbókasafns – Háskólabókasafns. Þátttakendur á námskeiðinu þennan dag voru 36 og mæltist námskeiðið mjög vel fyrir.

Fjölbreytt námskeið og þjónusta

Í kjölfar námskeiðsdags var nýjum kennurum boðið að sækja námskeið og kynningar á vegum Kennslumiðstöðvar, en á hverju misseri stendur Kennslumiðstöð fyrir fjölmörgum námskeiðum sem tengjast kennslufræði háskólakennslu og notkun upplýsingatækni í kennslu. Slík námskeið eru mörg hver hagnýt og gefa góða innsýn í fjölbreytta kennsluhætti. Að auki var boðið upp á upptökur af kennslu, miðsvetrarmat og leiðsögn leiðbeinanda.



Önnum kafnir þátttakendur í verkstæðinu Verkfærakista háskólakennara



Hróbjartur Árnason lektor í KHÍ var leiðbeinandi á verkstæðinu ásamt Guðrúnu Geirsdóttur

Upptaka á kennslu

Öllum nýjum kennurum stóð til boða að fá kennslu sína tekna upp á myndband. Þeir gátu þannig skoðað og greint einir eða í samstarfi við leiðbeinanda eða fulltrúa Kennslumiðstöðvar hvernig til tókst. Sérstaklega er

horft á framsögn, uppbyggingu kennslunnar og þátttöku nemenda. Þeir þátttakendur sem þáðu boðið töldu gagnlegt að fá þannig tækifæri til að skoða kennslu sína.



Hvaða gildi telur þú að það hafi að skoða upptöku af eigin kennslu?

„Fyrir mig sem nýjan kennara var það afar gagnlegt þegar upp var staðið, erfitt en gagnlegt. Ég ákvað á námskeiðinu í lok ágúst, þegar ég sá að þetta

stóð til boða sem hluti af námskeiði fyrir kennara, að láta slag standa og taka þátt í þessu. Ég hlakkaði þó síður en svo til, sem er raunar til merkis um að ég hafi þurft á þessu að halda. Allt sem er erfitt á þennan hátt, skilar einhverjum lærdómi.

Upptakan fór fram um miðbik námskeiðsins sem er mjög góður tími. Námskeiðið var aðeins komið af stað og hægt að velta fyrir sér eigin kennsluáðferðum í tengslum við yfirvofandi upptöku. Sjálf upptakan var frekar stressandi í byrjun, tvær myndavélar og míkrofónar, en svo gleymdist hún að mestu. Það var mjög faglega að upptökunni staðið og á upptökudiskinum var hægt að sjá alla kennslustundina í einu, bæði kennarann, skjámyndirnar og nemendurna. Einnig var umræðutími tekinn upp frá tveimur sjónarhólum. Allur frágangur disksins var einnig góður og í raun ótrúlega góð þjónusta við kennara að hafa kost á að fá rýni á eigin kennslu með þessum hætti.

Eftir að hafa skoðað upptökuna sjálf, fékk ég kost á að ræða hana við bæði kennsluleiðbeinanda minn Gunnar Karlsson, sem og starfsmenn Kennslumiðstöðvar. Fyrir nýjan kennara er gagnsemi þessa mikið fólgin í að vinna með eigið óryggi. Maður veit ekki hvar maður stendur, þótt maður leggi sig fram af fremsta megni. Umræðurnar við sér reyndari kennara og starfsmenn Kennslumiðstöðvar voru því lykilatriði í þessu, hægt að fara yfir hvað gekk vel og hvað mætti bæta. Ekki var síður gagnlegt að Kennslumiðstöð gerði ítarlega könnun (miðsvetrarmat) með nemendum námskeiðsins á svipuðum tíma, sem einnig lá fyrir þegar upptakan var rædd. Með þessu fæst frábært tækifæri fyrir kennara til að bæta kennsluna og það á miðju misseri, ekki í næsta námskeiði þegar snjóað hefur yfir leiðbeiningarnar. Örnámskeið Kennslumiðstöðvar eru líka kjörinn vettvangur til að fylgja eftir einstökum þáttum sem betur mega fara.“

Hrefna Róbertsdóttir, stundakennari í sagnfræði

Miðsvetrarmat

Samræmd kennslukönnun Háskólans er lögð fyrir í lok misseris en sem hluta af námskeiðinu bauðst þátttakendum að starfsfólk Kennslumiðstöðvar legði fyrir nemendum miðsvetrarmat (small-group evaluation) þar sem könnuð er upplifun nemenda af kennslu.

Markmiðið með miðsvetrarmatinu er að fá fram viðhorf nemenda til náms og kennslu í námskeiðinu um miðbik þess þannig að matið geti nýst kennara námskeiðsins sem best. Það fer þannig fram að starfsmenn Kennslumiðstöðvar koma inn í kennlustund og skipta nemendum upp í fámenna hópa. Kennarinn er ekki viðstaddur matið. Fyrir nemendur eru lagðar eftirfarandi spurningar og þeim gefnar um 15 mínútur til að svara:

1. Hverjir eru kostir námskeiðsins?
2. Hvað þarf að bæta í námskeiðinu?
3. Tillögur að breytingum

Hver hópur velur talsmann sem flytur niðurstöður að umræðum loknum og verður hópurinn að sammælast um niðurstöðurnar. Á þennan hátt skapast umræður um fyrirkomulag kennslunnar s.s. námsefnið, vinnuálag, fyrirlestra og verkefnavinnu. Starfsmaður Kennslumiðstöðvar stýrir umræðum og skráir jafnóðum niðurstöðurnar. Slíkt mat tekur um 25 mínútur í heildina og fær kennarinn sendar niðurstöður hópanna auk faglegs mats og ráðleggingar frá starfsmönnum Kennslumiðstöðvar.



Hvernig reyndist þér miðsvetrarmatið?

„Ég kenndi námskeið í fyrsta skipti í haust og mér fannst mjög gagnlegt að fá starfsfólk Kennslumiðstöðvar til að leggja fyrir miðsvetrarmat í námskeiðinu. Matið er góð viðbót við kennslukönnunina sem lögð er fyrir nemendum í lok misserisins. Ég fékk hrós fyrir það sem

nemendum fannst ég gera vel og gagnrýni á það sem mætti breyta. Nemendur komu einnig með tillögur um hvernig ég gæti bætt kennsluna. Þegar niðurstöðurnar lágu fyrir fór ég á fund hjá Kennslumiðstöð til að ræða þær og fá aðstoð við að vinna úr þeim.

Það var gott að fá mat á kennsluna á miðju misserinu þannig að ég hefði tækifæri til að bæta mig. Ég held að nemendum hafi einnig fundist fínt að fá tækifæri til að tjá sig um kennsluna áður en námskeiðinu lauk og þannig haft áhrif á kennsluna.

Ég hvet því nýja kennara eindregið til að nýta sér þessa þjónustu í boði Kennslumiðstöðvar en einnig getur miðsvetrarmat verið gagnlegt fyrir aðra kennara sem kenna ný námskeið.“

Jo Tore Berg, stundakennari í mannfræði

„Með þessu fæst frábært tækifæri fyrir kennara til að bæta kennsluna, og það á miðju misseri, ekki í næsta námskeiði þegar snjóað hefur yfir leiðbeiningarnar.“

Hrefna Róbertsdóttir, stundakennari í sagnfræði

„Ég hvet því nýja kennara eindregið til að nýta sér þessa þjónustu í boði Kennslumiðstöðvar en einnig getur miðsvetrarmat verið gagnlegt fyrir aðra kennara sem kenna ný námskeið.“

Jo Tore Berg, stundakennari í mannfræði

„Sem nýgræðingi í kennarahlutverkinu fannst mér ómetanlegt að geta leitað til ákveðins aðila með allar þær spurningar sem upp komu hjá mér varðandi þetta nýja hlutverk.“

Dr. Helga Sif Friðjónsdóttir, lektor í hjúkrunarfræðideild

Leiðbeinendur

Öllum nýjum kennurum sem mættu á námskeiðið var boðin frekari leiðsögn og aðstoð í kennslu með því að útvega þeim leiðbeinanda (mentor). Deildarforsetum og skrifstofustjórum var falið að útvega leiðbeinendur og komu þeir yfirleitt af sama fræðasviði og viðkomandi þátttakandi. Leiðsögnin var ætluð til að auðvelda þeim fyrstu skrefin í kennarastarfi með því að gefa þeim kost á að leita til leiðbeinanda með viðfangsefni og vangaveltur sem upp kunna að koma. Leiðsögnin var því liður í því að taka vel á móti nýliðum í starfi. Sumum leiðbeinendum reyndist þetta samstarf einnig gagnlegt þar sem þeir huguðu að eigin kennsluháttum og kynntust reynsluheimi nýrra kennara en margir þeirra höfðu reynslu sem aðstoðarkennarar frá erlendum háskólum.

Starfsfólk Kennslumiðstöðvar fundaði í upphafi með leiðbeinendum þar sem fjallað var um hlutverk leiðbeinandans. Lögð var áhersla á að leiðbeinendur væru tilbúnir að taka til umræðu þau viðfangsefni sem nýir kennarar glíma við hverju sinni en þyrftu ekki að vera sérfróðir um nám og kennslu. Reynsla okkar í Kennslumiðstöð sýnir að nýir kennarar vilja gjarnan fá umræður og ábendingar um vænlegar kennsluaðferðir, lesefni námskeiða, kröfur til nemenda, samskipti nemenda og kennara, samningu námsverkefna og mat á slíkum verkefnum, leiðsögn við nemendur og samningu prófa.

Kennslumiðstöð fundaði síðan um miðbik misserisins með nýjum kennurum og leiðbeinendum þeirra, til að kanna reynslu þeirra af þessari samvinnu. Misjafnt var hversu oft þátttakendur og leiðbeinendur höfðu hist en öllum nýju kennurunum bar saman um það að gott væri að hafa ákveðinn aðila innan fræðasviðs til að ræða við um kennslu. Í lok misserisins var öllum boðið í Kennslumiðstöð þar sem rædd var reynsla þeirra á meðan fólk gæddi sér á veit-ingum.



Hvernig reyndist þér að geta leitað til ákveðins aðila (leiðbeinanda) vegna spurninga sem upp komu vegna kennslu?

„Sem nýgræðingi í kennarahlutverkinu fannst mér ómetanlegt að geta leitað til ákveðins aðila með allar þær spurningar sem upp komu hjá mér varðandi þetta nýja hlutverk. Sjálf hef ég heldur ekki stundað nám við Háskóla Íslands svo háskólaumhverfið hér er mér líka framandi. Því greip ég þetta frábæra tækifæri sem Kennslumiðstöð bauð upp á í námskeiði fyrir nýja kennara og bað um að fá leiðbeinanda í minni deild. Ég hitti leiðbeinandann minn nokkrum sinnum formlega þar sem við ræddum um kennslu og ég fékk svör við ýmsum spurningum hvað varðar kennsluaðferðir, kennsluumhverfi, hvernig prófagerð og prófafyrirlögn er háttað sem og upplýsingar um réttindi og skyldur kennara og hefðir í deildinni.

Einnig hefur leiðbeinandinn gert sér far um að stoppa við er við hittumst á göngunum og taka óformlega púlsinn á stöðunni og hvernig mér gangi sem og hvetja mig áfram.

Ég var sérstaklega ánægð með að leiðbeinandinn minn var ekki með sama bakgrunn í sérgrein og ég. En ég tel að þannig hafi leiðsögn leiðbeinandans ekki litast af því hvernig kennslan í sérgreininni hefur tíðkast í gegnum árin heldur fann ég fyrir gríðarlegum stuðningi hennar til að prófa nýjar kennsluaðferðir og nálgun á efnið. Þannig tel ég það ómetanlega aðstoð við nýja kennara að koma á svona sambandi, það er þá a.m.k. einhver sem maður hefur leyfi til að trufla með spurningum. Og fyrir mína parta þá veit ég að þó formlega sé leiðsagnarsambandi mínu og leiðbeinanda míns lokið þá mun ég samt áfram geta leitað til hennar í framtíðinni með spurningar eða til að fá ráð. Þannig stuðlar leiðsögn leiðbeinanda í mínum huga ekki bara að því að styðja við nýja kennara í kennsluhlutverkinu heldur líka að aðstoða okkur við að læra inn á og aðlagast menningunni sem er ríkjandi í deildum og háskólasamfélaginu.“

Dr. Helga Sif Friðjónsdóttir, lektor í hjúkrunarfræðideild

Í lok námskeiðs voru matsblöð send til allra þátttakenda. Niðurstöður matsins sýndu almenna ánægju þátttakenda sem töldu námskeiðið hafa veitt þeim góða stoð við að takast á við hlutverk sitt sem nýir háskólakennarar. Við starfsmenn Kennslumiðstöðvar erum að vonum ánægð með jákvæðar undirtektir þátttakenda og teljum þær styðja enn frekar við trú okkar á mikilvægi þess að öllum nýjum kennurum bjóðist sambærilegur stuðningur. Reynsla okkar af námskeiðinu mun því verða frekara innlegg í baráttu okkar fyrir sérstöku og viðurkenndu námi í kennslufræðum fyrir háskólakennara.

Hlutverk háskólakennarans: Að vita, leita – og tala hátt og skýrt



Margir Bandaríkjamenn trú á því að hægt sé að kenna öllum allt. Háskólar eigi að auka menntun sem flestra. Þess vegna hafa bandarískir háskólar lagt mikla áherslu á góða kennslu. Ætlast er til þess að háskólakennarar geti kennt. Ekki sé nóg að

þeir séu framúrskarandi vísindamenn. Þeir eiga bæði að vita og miðla. Amerískar kennslubækur eru í sama anda: Skýrar og vel fram settar. Kennslan og bækurnar eiga að hjálpa nemendum við að læra.

Margir Engendingar trú á því að helsta hlutverk háskóla sé að skilja sauðina frá höfrunum. Það kallar á öðruvísi skipan. Vond kennsla verður eftirsóknarverð. Bækur eiga helst að vera illa skrifaðar og tyrfnar. Einungis þeir bestu komast í gegnum torfið. Kennslan og bækurnar virka eins og skilvinda. Þetta viðhorf hefur verið algengt í Evrópu.

En nú hafa margir Evrópumenn áttað sig á því að bandarísku háskólarnir eru margir miklu betri en þeir evrópsku. Og sumir hafa líka skilið, að drifkraftur þekkingarhagkerfa er ekki bara besta þekkingin og bestu vísindin – heldur þarf þekkingin líka að ná til sem flestra. Nú stefnir í að um helmingur hvers

árgangs stundi háskólanám, bæði austan hafs og vestan.

Þegar ég hóf kennslu við Háskóla Íslands fyrir rúmum aldarfjórðungi vorum við ýmsir hallir undir enska viðhorfið. Það þótti fínt að tala illa um kennslufræði. Háskólakennarar áttu bara að vita og vera gáfaðir – þeir þurftu hvorki að tala hátt né skýrt!

Auðvitað verða háskólakennarar að vita – og leita. Það er bara ekki nóg. Þeir þurfa að koma efni til skila og vekja áhuga. Sumpart er það tækni sem þeir þurfa að læra.

Viðhorf til nemenda skiptir miklu. Sumir telja að hroki og háð sé afar þroskandi fyrir stúdenta. Ég efast sífellt meir um þá speki.

Sjálfsagt er ekki til endanlegur sannleikur um góða háskólakennslu – ekki er líklegt að sama mótið henti öllum. En góður háskólakennari veit (oftast) um hvað hann er að tala. Hann talar líka fallega. Og hann gerir miklar kröfur – bæði til sín og til nemenda sinna. Mikilvægast er að háskólakennari viti að það skiptir máli hvernig hann kennir og hvort honum tekst að vekja áhuga nemenda sinna. Slíkur skilningur fer vaxandi meðal kennara við Háskóla Íslands. Fleiri skilja að kennslufræði er mikilvæg og alúð við kennslu sjálf-sögð krafa. Fleiri nota frábæra þjónustu Kennslumiðstöðvar. Höldum áfram á þeirri braut!

**Ólafur Þ. Harðarson, deildarforseti félagsvísinda-
deildar Háskóla Íslands**



Við undirskrift samningsins:
Kristín Ingólfssdóttir rektor Háskóla Íslands,
Elin Þ. Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri Verk-
efnalausna, Sæþór L. Jónsson forstöðumaður
Reiknistofnunar HÍ, Sigurður J. Hafsteinsson
fjármálastjóri HÍ, Guðmundur Ragnarsson
framkvæmdastjóri fjármála KHÍ og
Harpa Pálmadóttir fræðslustjóri Kennslumið-
stöðvar HÍ.

MindManager

Háskóli Íslands, Mindjet og Verkefnalausnir gerðu með sér samning um aðgang nemenda og starfsfólks að hugbúnaðinum MindManager. Undirritun fór fram 10. desember síðastliðinn. Samningurinn felur í sér ókeypis aðgang skráðra nemenda annars vegar og kennara og starfsfólks hins vegar að hugbúnaðinum MindManager bæði fyrir PC og Mac. Hugbúnaðurinn byggir á hugmyndum um hugkort en hugkort eru myndræn framsetning á hugmyndum og verkþáttum. Hugbúnaðurinn nýtist vel í skólastarfi bæði fyrir nemendur og kennara. Í kennslustofunni nýtist MindManager annars vegar fyrir kennara til að miðla upplýsingum og hins vegar fyrir nemendur til að taka glósur, skipuleggja, ljúka og kynna verkefni. MindManager auðveldar nemendum og kennurum að skipuleggja og hafa yfirsýn yfir þau verkefni sem verið er að vinna að hverju sinni.

Nálgast má MindManager af Uglunni, sjá upplýsingar á vefsíðu Reiknistofnunar Háskólans: www.rhi.hi.is/hugbunadur/mindmanager. Verkefnalausnir standa fyrir námskeiðum á MindManager í samvinnu við Kennslumiðstöð, starfsmannasvið HÍ og Menntasmiðju KHÍ. Jafnframt er hægt að fá aðstoð við notkun hugbúnaðarins hjá notendaþjónustu RHÍ (sími 5254222 – netfang help@hi.is).

Fyrirlestur sem kennsluaðferð

Fyrirlestur er án efa sú kennsluaðferð sem flestir tengja háskólastiginu enda beitt þar ómælt. Okkur á Kennslumiðstöð hefur stundum verið gerð upp sú skoðun að vera svarnir andstæðingar fyrirlestrahalds en því fer víðs fjarri. Fyrirlestrar eru ágætis kennsluaðferð ef beitt er af kunnáttu og leikni og í hóflegu magni. Kostir fyrirlestra sem kennsluaðferðar eru fjölmargir. Með þeim er hægt að koma sérhæfðri þekkingu til fjölda áheyrenda, vekja áhuga á viðfangsefni, útskýra það sem er illskiljanlegt, draga saman meginniðurstöður og svo framvegis. Gallar þessarar kennsluaðferðar eru hins vegar einkum þeir hve fáir hafa góð tök á aðferðinni og svo hversu lítið virkir nemendur eru undir flutningi þeirra. Undanfarin misseri hefur dr. Ingvar Sigurgeirsson prófessor, haldið námskeið um fyrirlestra og fyrirlestrahald á vegum Kennslumiðstöðvar og hefur aðsókn á þau námskeið sýnt að háskólakennurum er annt um að læra til verka. Upptöku af erindi Ingvars sem haldið var 26. febrúar síðastliðin er að finna á eftirfarandi slóð www.hi.is/kennslumidstod. Í Kennslumiðstöð er jafnframt að finna heilmikið af fræðsluefni og hagnýtum handbókum um fyrirlestra, þar eru gefin góð ráð um hvernig eigi að undirbúa og skrifa fyrirlestra og hvers þurfi helst að gæta við flutning þeirra. Áhugavert rit um fyrirlestra er bók Donald Bligh (1998) *What's the use of lectures* þar sem fjallað er um allar mögulegar hliðar fyrirlestursins. Þar er m.a. að finna ýmis línurit yfir hversu vel nemendur halda athygli í fyrirlesturum, hjartslátt þeirra og leikni. Samkvæmt rannsóknum Bligh virðist býsna algengt að fyrirlesarinn sjálfur eflist við hverja glæru á meðan nemendahópurinn missir smá saman ráð og rænu. Fyrir kennara sem gjarnan vilja halda sig við fyrirlesturinn en jafnframt hafa nemendur með á nótunum eru til ýmis hagnýt ráð sem miða öll að því að gera nemendur að virkari þátttakendum í kennslustundinni og verða hér tíunduð örfá.



Áhugasamir áheyrendur

Í upphafi:

- Ágæt leið er að byrja fyrirlestur með því að varpa spurningu til nemenda og fá fram hugmyndir þeirra um viðfangsefnið t.d. *Hvað eru helstu einkenni sykursýki?* eða *Hvað vitið þið nú þegar um sykursýki?* Þannig má bæði ná athygli nemenda og kanna hvaða þekkingu þeir búa nú þegar yfir um viðfangsefnið.

Í kennslustundinni sjálfri:

- Að spyrja spurninga í fyrirlestrinum (og gefa nemendum tíma til að svara þeim!) gefur nemendum tækifæri til að velta fyrir sér viðfangsefninu og fyrirlesara mögulegt að sjá hvort að nemendur hafa í raun náð tökum á því. Í stórum fyrirlestri er ekki auðvelt að skapa þannig andrúmsloft að nemendum finnist sjálf-sagt að spyrja og svara. Til eru ótal leiðir til að fá nemendur til að glíma við spurningar og sú aðferð sem alltaf virkar vel er aðferðin *1-2- allir* (one-pair-share). Þá er spurningu eða smáverkefni varpað til nemendahópsins og nemendum gefinn smátími til að glíma einir við spurninguna eða verkefnið t.d. *Veltið nú fyrir ykkur hvað einkennir góðan fyrirlestur og skrifið niður hjá ykkur örfá atriði*. Þá eru nemendur beðnir um að snúa sér að næsta manni og þeim gefinn tími til að bera saman bækur sínar. Að lokum biður kennari nemendahópinn um að deila niðurstöðum.

Í lok fyrirlesturs:

- Til að kanna hversu vel hefur tekst til í tímanum er t.d. hægt að nota *einnar mínútu pappír* (one minute paper). Nemendur eru þá beðnir um að taka sér eina mínútu í að hugleiða efni tímans og skrifa niður það sem þeir telja vera meginatriðin sem komu fram og setja fram þær spurningar sem þeir sitja uppi með í lok umfjöllunar. Pappírur er skilað til kennara sem þannig fær innsýn í hvernig (og hvort) nemendur áttuðu sig á meginatriðum og jafnframt spurningar sem nýta má til umfjöllunar og áréttingar í næsta fyrirlestri.
- Á málstofu Kennslumiðstöðvar í haust sagði dr. Róbert Spanó, prófessor í lagadeild, frá því hvernig hann sendir nemendur í námskeiði heim úr hverjum tíma með stutt, áhugavert verkefni sem þeir reyna leysa fyrir næsta tíma. Hann byrjar svo hvern tíma á að fá fulltrúa nemenda upp til að segja frá niðurstöðum sínum.

Að lokum má minna á að Kennslumiðstöð hefur nú um nokkurt skeið boðið kennurum að koma í tíma og taka upp kennslu þeirra á myndband sem kennarar geta svo nýtt til að skoða sjálfa sig í kennslu, einir eða í samstarfi við fulltrúa miðstöðvarinnar. Umfjöllun um slíkar upp-tökur og reynslu kennara af þeim er að finna á bls. 7.

Fjarkennsla

Kennslumiðstöð hefur umsjón með fjarkennslu í Háskóla Íslands en það er í höndum deilda að ákveða framboðið. Starfsfólk Kennslumiðstöðvar hefur á undanförunum árum veitt fræðilega ráðgjöf á sviði fjarkennslu og aðstoðað starfsfólk skólans við uppbyggingu hennar, gefið ráð um gerð kennsluefnis og nýtingu tækni við fjarkennslu. Útfærsla námskeiða er með mismunandi hætti en lögð er áhersla á að þær aðferðir og kennslutækni sem beitt er til að miðla efni til fjarnemenda hæfi hverju og einu námskeiði. Algengast er að kennarar setji gögn, verkefni, tilkynningar og upptökur af fyrirlesturum inn á kennsluvef viðkomandi námskeiðs í Uglunni. Aukin áhersla er lögð á að skapa félagslegt námsumhverfi fyrir fjarnemendur. Samskiptaleiðirnar geta verið í gegnum umræðu- og spjallkerfi á Neti, í fjarfundum eða í staðbundnum lotum í Háskólanum. Á hverju misseri er kennurum boðið upp á námskeið í Kennslumiðstöð um notkun upplýsinga- og samskiptatækni þar sem kynnt er sú þjónusta sem þeim stendur til boða og fjallað um helstu aðferðir og nýjungar.

Kennslumiðstöð er í samstarfi við háskólasetur og fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni vegna fjarnáms við skólann. Það samstarf hefur reynt mjög vel. Símenntunarmiðstöðvarnar eru níu talsins og er meginhlutverk þeirra að sinna endurmenntun og fjarnámi fyrir skilgreind svæði á landsbyggðinni. Fjarnemar við HÍ sem staðsettir eru á landsbyggðinni sækja þangað fjarfundi, þreyta þar próf, fá námsaðstöðu og námsráðgjöf óski þeir þess. Þeir mynda jafnvel námshópa sem eykur samvinnu og samstöðu þeirra. Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og símenntunarmiðstöðvarnar eiga og reka Menntabrúna, búnað sem tengir saman háskólana og símenntunarmiðstöðvar vegna fjarfunda. Starfsfólk símenntunarmiðstöðvanna hefur jafnframt aðgang að upplýsingum í gegnum nemendakerfi Uglunnar um skráða fjarnemendur við skólann og hvenær þeir þreyta próf. Út frá þessu má vera ljóst að samstarf og upplýsingagjöf á milli Háskólans og símenntunarmiðstöðvanna skiptir verulegu máli fyrir fjarkennslu við skólann.

Næsta kennsluár býður Háskólinn uppá fjarnám á fjórum fræðasviðum; af félagsvísindasviði, heilbrigðisvísindasviði, hugvísindasviði og menntavísindasviði. Meðal nýjunga í fjarnámi næsta haust er grunn- og framhaldsnám í mannfræði.



Matthew Whelpton dósent í enskuskor notar snertiskjá í stað töflu til að miðla efni til nemenda



Upptaka á kennslu með notkun eMission



Aðalheiður Guðmundsdóttir aðjúntur í þjóðfræðiskor nýtir eMission til fjarkennslu

Viðtal við Gretti Sigurjónsson, tæknistjóra Kennslumiðstöðvar Hvaða helstu nýjungar eru í tæknimálum Kennslumiðstöðvar?



eMission – Nýtt upptökuforrit

Það nýjasta í tæknibrölti okkar í Kennslumiðstöð er svokallað eMission. Þetta er upptökuforrit frá Nepal hugbúnaði ehf. í Borgarnesi. Við hjá Kennslumiðstöð, hugbúnaðarþróun Reiknistofnunar og rekstri fasteigna höfum unnið að því í sameiningu að koma þessu á koppinn. Forritið tekur upp allt sem gert er í tölvunni og allt sem sagt er. Um leið og smellt er á hnappinn „ljúka“ í lok kennslustundar fer sendingin af stað. Um leið og sendingu er lokið er slóð að upptökunni komin inn á Ugluna og nemendur geta þar með nálgast hana.


Keyptur var nýr vídeóþjónn til að sjá eingöngu um þetta streymi. Notendabjónustan hefur í samvinnu við mig sett eMission inn á tölvurnar í þeim kennslustofum sem

hýsa fjarkennslunámskeið (upptökur). Umsjónarmenn húsa hafa hljóðnemamálin í sínum höndum. Ef kennari lendir í vandræðum með hljóðnema á hann að snúa sér til umsjónarmanns viðkomandi húss eða til Kennslumiðstöðvar.

Eingöngu er hægt að taka upp kennslustundir með eMission á tölvum sem búnar eru Windows-stýrikerfi, en upptökurnar er hægt að skoða jafnt úr tölvum sem búnar eru stýrikerfi frá Microsoft sem og Apple.

Snertiskjái og rafræn skrifspjöld

Sl. haust fjárfesti Háskólinn í 10 snertiskjám sem settir voru upp í stærri kennslustofum Háskólans. Snertiskjár er tengdur við tölvu líkt og venjulegur skjár en býður upp á ýmsa gagnvirka möguleika á flutningi kennsluefnis. Hægt er að skrifa eða teikna ofan á allt það sem verið er að sýna í tölvunni, hvort sem það eru PowerPoint kynningar, myndskreið eða skjámyndir. Skjárinn getur komið í stað túss- eða kítartöflu þar sem hægt er að varpa því sem skrifað hefur verið upp á tjald með skjávarpa. Með búnaðinum fylgir hugbúnaður sem býður upp á ýmsa skemmtilega möguleika t.d. þá að búa til stutt kynningarefni eða sýnidæmi sem síðan má vista inn á kennsluvef Uglunnar. Búnaðurinn er einfaldur og þægilegur í notkun en ef þess er þörf getur starfsfólk Kennslumiðstöðvar aðstoðað kennara við notkun hans.



Það allra nýjasta sem Kennslumiðstöð hefur verið að skoða og kaupa er svokallað rafrænt skrifspjald. Spjaldið er tengt við tölvuna með USB tengi. Í fyrsta sinn sem spjaldið er notað þarf að setja upp sérstakt forrit í tölvunni en eftir það kannast tölvan við spjaldið um leið og því er stungið í samband. Þá er nóg að ræsa forritið sem fylgir skrifspjaldinu. Skrifspjaldið er í stærðinni A4 og er A4 blöðum smellt á það en einnig er hægt að skrifa beint á spjaldið.

Með spjaldinu fylgir sérstakur blekpeni sem sendir upplýsingarnar í tölvuna. Allt sem skrifað er og/eða teiknað á blaðið/spjaldið birtist í tölvunni. Ef tölvan er tengd við skjávarpa er hægt að varpa upplýsingunum upp á tjald. Augljós kostur þessarar græju er að hægt er að geyma það sem er skrifað/teiknað á tölvutæku formi og jafnframt eiga gögnin á handskrifuðum blöðum. Forritið les gögnin inn sem mynd

en til að geta unnið frekar með textann er hægt að nýta sér OCR lesningu (Optical Character Recognition) sem breytir handskrifaða textanum í venjulegan tölvutexta. OCR hugbúnaðurinn á reyndar í vandræðum með að skilja séríslenska stafi en þetta er þó möguleiki sem vert er að minnast á. Skrifspjaldið hefur verið notað í námskeiðinu *Íslenskt mál að fornu*, þar sem notast er við upptökur. Kennarinn og ekki síður nemendurnir eru mjög ánægðir með þessa viðbót. Umstangið fyrir kennarann er alls ekki mikið, aðeins þarf að stinga spjaldinu í samband við viðkomandi tölvu og byrja svo að skrifa.

Málstofuröð um nám og kennslu

Kennslumiðstöð hefur á undanförunum misserum staðið fyrir málstofum um nám og kennslu. Tilgangurinn með þeim er að hvetja til umræðu um kennslu og kennsluhætti innan Háskólans. Á vormánuðum 2007 var þessum þætti gerð ítarleg skil þar sem Kennslumiðstöð í samvinnu við kennslumálanefnd háskólaráðs og deildir Háskólans fór af stað með málstofuröð um kennslumál. Markmiðið var að hvetja til frekari umræðna um kennslu og kennsluhætti í deildum í tengslum við stefnumótunarvinnu Háskólans. Málstofuröðin samanstóð af upphafsmálstofu sem haldin var í desembermánuði og átta málstofum sem deildir stóðu fyrir. Efni þeirra var mjög fjölbreytt og var góður rómur gerður að málstofunum sem yfirleitt voru vel sóttar. Nokkrar þeirra voru teknar upp og má sjá upptökurnar á vefsíðu Kennslumiðstöðvar: www.hi.is/page/malstofurdeilda.

Upphafsmálstofan fór fram í desembermánuði og bar yfirskriftina: Kennsluhættir – Hvar stöndum við? Málstofuna setti Kristín Ingólfssdóttir rektor Háskólans og erindi fluttu Sigurður J. Grétarsson formaður kennslumálanefndar háskólaráðs, Guðrún Geirsdóttir kennslufræðingur og stjórnarformaður Kennslumiðstöðvar og Snjólfur Ólafsson verkefnisstjóri um framkvæmd stefnu H.Í. 2006-2011. Í lokin tóku deildarforsetar þátt í pallborðsumræðum sem Lárus Thorlacius prófessor í raunvísindadeild stýrði.

Eins og yfirskriftin ber með sér þá snerist umræðuefnið um hvar HÍ stendur með tilliti til kennslu og kennsluhátta. Rætt var um þróun kennslumála innan Háskólans og í nágrannalöndum okkar.

Í ávarpi sínu benti rektor á að stuðla bæri að samstarfi um góða kennsluhætti, miðlun þekkingar og reynslu og að finna bæri leiðir til að góð kennsla og þróun hennar væri vakandi verkefni í öllum starfseiningum skólans.



Guðrún Geirsdóttir benti á að hindranir í þróun kennslu væru alltaf til staðar og tilgreindi hún m.a. stjórnkerfi skólanna, akademískt frelsi kennara, flókna samsetningu fræðigreina og deilda, áherslu á rannsóknir og litla virðingu fyrir kennslufræðum. Jafnframt benti hún á að víða erlendis geri háskólar kröfu á starfsfólk um kennslufræðilega hæfni. Kennurum væri boðið að sækja tveggja missera langt námskeið og í sumum tilvikum væri það skilyrði fyrir nýráðningu eða framgangi. Þar með væri reynt að fara úr skyndilausnum í langtíma- og heildstæðari lausnir.

Sigurður J. Grétarsson benti á að vöxtur Háskólans lægi í uppbyggingu framhaldsnáms og rannsóknum. Þegar þannig er háttað væri hætt á að gæði kennslu í grunnnámi yrði útundan. Hann taldi þróun kennslu eitt að stórverkefnum Háskólans til framtíðar og góð kennsla ætti að vera eftirsóttur þáttur í daglegu lífi skólans.

Snjólfur Ólafsson ræddi um mikilvægi þess að fylgja eftir stefnu Háskólans í kennslumálum og fór yfir störf nefndar sem hefur það hlutverk að aðstoða deildir við að framkvæma stefnuna.



Pallborðsumræður deildarforseta

Líflegar pallborðsumræður spunnust í lokin þar sem deildarforsetar ræddu um kennslumál. Í kjölfar upphafsmálstofunnar voru málstofur deilda haldnar. Efni þeirra var fjölbreytt en 10 deildir tóku þátt. Umfjöllunarefni voru:

- góðir kennsluhættir
- gæðamenning í starfi Háskólans
- hvernig virkja má nemendur til náms
- uppbygging doktorsnáms
- lausnaleitarnám (Problem Based Learning)
- raundæmi (Case Studies)
- að brjóta upp hefðbundið kennsluform
- aðstoðarkennsla meistaranema
- fyrirkomulag og notkun rafrænna prófa
- kennsla erlendra tungumála

Starfsfólkið



Ása Björk Stefánsdóttir
verkefnastjóri
asabjork@hi.is • s: 525 5247



Ásta Vigdís Jónsdóttir
verkefnastjóri
astavig@hi.is • s: 525 4966
lauk störfum 1. mars 2008




Grettir Sigurjónsson
tæknistjóri
grettir@hi.is • s: 525 5164



Guðrún Geirsdóttir
stjórnarformaður og kennslufræðingur
(10% staða)
gudgeirs@hi.is • s: 525 4574



Harpa Pálmadóttir
fræðslustjóri
hp@hi.is • s: 525 4447
Fer í barneignarleyfi í lok mars



Pétur Valsson
verkefnastjóri
peturv@hi.is • s: 525 4966

Útgefandi: Kennslumiðstöð Háskóla Íslands
Ritstjóri: Harpa Pálmadóttir (ábm.)
Höfundar efnis: starfsfólk Kennslumiðstöðvar
(nema annað sé tekið fram)



Kennslumiðstöð Háskóla Íslands

Íþróttahúsi, 2. hæð, Suðurgötu 1

101 Reykjavík

Sími: 525 4447

Netfang: kennslumidstod@hi.is

Vefsíða Kennslumiðstöðvar:

www.hi.is/kennslumidstod